

## Ævintýri 9. bekkinga að Laugum í Sælingsdal.

Nemendur Lækjarskóla mættu að Laugum full eftirvæntingar án þess að vita nákvæmlega hvað biði þeirra.

Fyrsti dagurinn var sérstakur fyrir marga þar sem ekki eru leyfð nein samskiptatæki né sælgæti, það reyndist mörgum erfitt en á öðrum degi minntist enginn á þessi tæki. Í lok vikunnar höfðu hins vegar margir orð á því að það hefði bara verið gott að vera laus við síma og tölvu.

Dagskráin á Laugum var þéttskipuð frá morgni til kvölds. Þar réð fjölbreytnin ríkjum útivist, leikir, samvinnu- og einstaklingsverkefni. Verkefnin voru þess eðlis að allir gátu notið sín og ýmsar óþekktar hliðar komu í ljós.

Hópnun var skipt í tvennt og kepptu þeir að sameiginlegum markmiðum alla vikuna og síðasta kvöldið var síðan frábær uppskeruhátíð

Það er afskaplega ánægjulegt að verða vitni að samkennd og samvinnu krakkanna sem skapast við aðstæður sem þessar fjarri venjulegu áreiti.

Starfsfólk Lauga er þeim hæfileikum gætt að þau nálgast alla af virðingu, gleði og jákvæðni. Þeim tókst að þekkja alla sextíu krakkana með nafni á öðrum degi og voru ótrúlega flink að átta sig á krökkunum og mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur.

Dagskráin var fjölbreytt og verkefnin ólík þeim sem nemendur takast á við í hefðbundnu skólastarfi.

Starfsfólk lagði sig allt fram við að dvölin væri skemmtileg og öllum liði vel.

Það var sérstök upplifun að sjá tár á hvarmi margra við kveðjustund, margir sögðust ekki vilja fara og aðrir sögðu þetta vera skemmtilegustu dagar lífs þeirra. Ekki þori ég þó að fullyrða að allir hafi verið alsælir með dvölinu en ég held að allir hafi komið glaðir heim.

Ástæða þess að ég skrifa þennan pistil er að ég hef verið á Laugum þrisvar sinnum og er alltaf jafn heilluð af starfseminni sem þar fer fram. Ég hef fylgt nemendum með sérþarfir og hef orðið vitni að nýjum og skemmtilegum kynnum sem skapast í óhefðbundnu umhverfi. Það er gleðilegt og gefur möguleika á frekari samskiptum þegar heim er komið.

Ég veit að ekki fara allir skólar að Laugum því skora ég á skólayfirvöld að sjá til þess að unglingar í 9.bekk missi ekki af þessari frábæru upplifun.

Dvölin að Laugum er ævintýri líkast.

Helga Rúna Gústafsdóttir þroskaþjálfari í Lækjarskóla